

Alþingi
Erindi nr. P 141/1078
komudagur 13.12.2012

Til Nefndasviðs skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.

13. desember 2012

Vegna frumvarps til stjórnarskipunarlaga, þingskjal 510.

Umsögn Svans Sigurbjörnssonar læknis.

Lómasölum 43

201 Kópavogi

Almennt er ég ánægður með þessa nýju tillögu að stjórnarskrá sem var gerð með mjög lýðræðislegu undirbúnings- og vinnuferli.

Það er ein grein sérstaklega sem lítur að mínu sviði sem heilbrigðisstarfsmanns og við hana hef ég athugasemd.

Í grein 23 segir:

23. gr.

Heilsa og heilbrigðisþjónusta.

Allir eiga rétt til að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er.

Öllum skal með lögum tryggður réttur til aðgengilegrar, viðeigandi og fullnægjandi heilbrigðisþjónustu.

Fyrri málsgreinin stenst ekki rökleyðslu um það sem er nokkru sinni mögulegt að uppfylla eða tryggja nokkrum einstaklingi. Það er ekki hægt að **eiga rétt** til að **njóta heilsu að hæsta marki** sem **unnt er** því að ekkert heilbrigðiskerfi eða þjóðfélag getur tryggt heilsu einstaklinganna að hæsta marki sem unnt er. Fólk fer misjafnlega með eigin heilsu og það **á rétt á því að fá þá bestu heilbrigðisþjónustu sem unnt er að veita hverju sinni**, en það er ekki hægt að uppfylla rétt til að njóta heilsu að hæsta marki sem unnt er. Það eru of margir þættir sem stýra því, t.d.

erfðapættir og slys. Vissulega skiptir hér máli hvað er átt við með „sem unnt er“, en þetta er hæpið í heildina.

Ég legg til eftirfarandi orðalags fyrir fyrstu málsgreinina:

„Allir eiga rétt til að búa við heilsusamleg og örugg lífsskilyrði“. (kemur í staðinn)

Í mannréttindasáttmála Sp segir í grein 12 „of the International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights in 1966.“

The Covenant guarantees the "right of everyone to the enjoyment of the highest attainable standard of health".

Mér var sagt af stjórnlagaráðsmanni að ráðið hefði haft þennan texta til fyrirmyndar fyrir 1. málsgreinina. Þegar talað er um „standard of health“ er þó væntanlega átt við þann staðal sem heilbrigðiskerfið getur fært öllum en ekki rétt til að „njóta heilsu að hæsta marki eins og unnt er“ yfir höfuð.

Lögfræðingur sem tók þátt í spjallþætti á RÚV í fyrra lagði einnig til að þessu yrði breytt og hafði svipuð rök að færa til málsins og ég hef kynnt hér. Það þarf hið minnsta að skoða þetta nákvæmt hvort að þetta fái staðist.

Virðingarfyllst,

Svanur Sigurbjörnsson, læknir

s: 896 3465

svanurmd@gmail.com